

# Pési



## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Fréttir
- Bókasafnið

Næsti Pési kemur út 14. febr 2011

Skil á efni er 8. febr

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Flugeldasýning	5
Sparidagar	7
SS fréttir	8
Kvenfélagið	11
Reiðhöllin	16
UMFH	18

Jan 2011

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 245. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600



*Sveitarstjórn og starfsfólk Skrifstofu Hrunamannahrepps óskar lesendum Pésans gleðilegs árs og þakkar samstarfið á árinu 2010.*




Pökkun í Flúðafiski.

Ljósm: SigSigm

**Kæru vinir og vandamenn  
28. janúar 2011 kl: 20:00**

**Ég sunnlenska tátan býð í teiti  
tímabundið Árnes skreyti  
því fimmtug ég er  
þú fagnar með mér  
sem ég Sigrún Guðlaugsdóttir heiti.**



## Sveitarstjórapistill

Áramót hafa ávallt á sér svipmót tímamóta. Nýtt ár með nýjum vonum og væntingum en það gamla situr eftir. Sumir strengja áramótheit og aðrir lofa sér og öðrum allt öðru vísi ári. Það er ekki alltaf einfalt og auðvelt að velja sér kaflaskipti í lífinu.

Hins vegar er sú hugsun góð og gagnleg að allir velti fyrir sér á ákveðnum tímapunkti hvert menn stefni. Sú naflaskoðun er góð og ásamt gagnrýnni hugsun á sjálfa sig er uppbyggileg. Hún verður hins vegar alltaf að vera uppbyggileg og jákvæð en ekki í því fólgin að rífa sig niður. Það er nefnilega þannig að menn eiga að einblína á það jákvæða í sínu lífi.

Þannig er það líka farið með sveitarfélagið að auðvitað orkar allt tvímælis þá gert er en mikilvægt er að líta á það sem vel hefur til tekist. Nú er búið að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 og gert er ráð fyrir að sveitarfélagið verði í jákvæðum rekstri og réttum megin við núllið. Geta sveitarfélagsins er hins vegar ekki mikil til að standa í miklum framkvæmdum án lántöku og eins og staðan er núna er varasamt að bæta mikið við skuldabaggann í því skyni. Það verður hins vegar örugglega svigrúm til að þoka góðum og nauðsynlegum málum áfram.

Það á t.d. að ráðast í viðhald á skóla og félagsheimili, halda áfram viðhaldi á Heimalandi, huga að sundlaug og íþróttahúsi, byggja enn frekar upp veiturnar, stuðla áfram að uppbyggingu réttanna og síðan að skoða það hvort ekki verði hægt að byrja á uppbyggingu ungmennafélagsgarðsins svo eitthvað sé nefnt.

Stærstu framkvæmdir sveitarfélagsins verður hins vegar í gatnagerð í tengslum við tengingu Bræðratunguvegar við Flúði. Það verður því að sýna skynsemi í rekstri og það er dálítið svekkjandi til þess að vita að í óvitaskap er hægt að baka mikið tjón sem bitnar bara á samfélaginu.

Á gamlársdag virðast hafa verið skrúfuð lok af tveim rennslismælum við dæluskúr við sundlaugina með þeim afleiðingum að vatn komst í mælana og þeir skemmdust og annar eyðilagðist. Sem dæmi kostar þetta samfélagið rúmlega eina milljón sem hefði sannarlega verið hægt að nota í eitthvað þarfara.

Við skulum ætla að þetta hafi verið óvitar þannig að ég vil brýna fyrir öllum að koma þeim skilaboðum á framfæri að gjörðum fylgja afleiðingar og það erum við öll sjálf sem þurfum að borga brúsann í svona tilvikum, ekki aðrir.

Ég vil einnig brýna fyrir fólki að virða forgangsrétt gangandi vegfaranda á gangbrautum á Flúðum. Það getur skapað mikla hættu að stansa ekki við gangbrautir þar sem fólk bíður eftir því að komast yfir og ég hvet fólk almennt að sýna tillitssemi í umferðinni.

Það hefur verið gaman að sjá hvað jólin og jólaljósín hafa sett sterkan svip á sveitarfélagið um jólin hvað það tókst vel að kveðja jólin með brenninni og flugeldasýningunni á helgarþrettándanum. Eiga björgunarsveitin, Tómas Þórir o.fl. þakkir skildar fyrir að standa myndarlega að málum. Núna í skammdeginu tel ég viðeigandi að feta í spor bæjarstjóra Vestmannaeyja og hvetja fólk til að hafa jólaljós uppi út janúar. Þar miða þeir við upphaf Vestmannaeyjagossins þann 23. janúar og þó við eigum ekki enn slík viðmið þá væri það við hæfi að láta ljósín lifa inn í hinn harða þorra.

Þó þorrinn sé nú oft talinn ímynd hins erfiða vetrar þá hvet ég menn til að gefa honum langt nef með því að blóta honum í sand og ösku með því að sækja þorrablót og annan mannfangað sem lyftir andanum í skammdeginu.

Megi nýtt ár færa okkur öllum gleði og gæfu.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



# HRAUNTEIGUR EHF

F L Í S A L A G N I R

Birgir Örn Birgisson, múrrameistari gsm: 891-7760  
Netfang: [hraunteigur@hraunteigur.is](mailto:hraunteigur@hraunteigur.is)  
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Tökum að okkur alhliða múrverk, véslípun og flísalagnir.  
Tilboð og/eða tímavinna, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi



**Samkaup** strax

### Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-19:00
<b>Sunnudaga</b>	10:00-17:00

Verið velkomin.  
Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

# Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

*Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar*

---

## Flugeldasýning 2011

Eins og flestir vita var haldin flugeldasýning laugardaginn 8. jan sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins.

Eftirtaldir aðilar buðu uppá Flugeldasýninguna 2011.

Arion banki, Arnfríður og Jón Viðar Dalbæ, Bjarni Valur og Gyða Skipholti 3, Búnaðarfélag Hrunamanna, Bökun ehf, Eiríkur Grafarbakka, Fossi/Fjallaraf ehf, Fögrusteinar ehf, Flúðafiskur ehf, Flúðaleið ehf, Gistiheimilið Syðra Langholti,

Kurl & kram, Gróður ehf, Grænna land ehf, Gröfütækni ehf,

Hitaveita Flúða, Hnúkur slf, Hrunamannahreppur, Hús og stigar ehf, Ískorn ehf, Íslenskt grænmeti ehf, Kaffi- Sel ehf, Kristín og Þorbjörn, Landstólpi ehf, Landtak ehf, Límtré Vírnet ehf, Nesey ehf, Pizzavagninn ehf, Plast og suða ehf, Ragnar og Marta Birtingaholti, Samúel og Þórunn Bryðjuholti, Unnsteinn og Valdís Langholtskoti, Veitandi ehf, Vinnuvélar Úlfars Harðarsonar,

Einnig viljum við þakka **Gistiheimilinu Grund** kærlega fyrir góðan stuðning.

Með von um gott og slysaust ár

Björgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Skúli



# Velkomin í verslun okkar á Flúðum

## Verð og úrval sem kemur á óvart

*Afhliða byggingavöruverzlun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.*

**Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14**

### Bilavörur

- Smurufur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Övuggi og þurrkublið



### Þjónavörur

- Lópl, marglr lltlr
- Þrjónar, ymsar stærðir
- Þeysur, marglr lltlr
- Húfur
- Vettlingar



**Fyrir hestamanninn** • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóru

### Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagur
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



### Málningardeild

- Inni- og útmálning
- Lökk
- Spertl
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



### Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlim
- Undirlag



### Múrdeild

- Utan- og utanhúse
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalim
- Undirlag



### Hreinlætistækideild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttlingar
- Handlaugar



### Festingavörur

- Skráfur og boltar
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalim
- Undirlag



### Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélur
- Glös og bollar
- Handdryksugur
- Hrærivelar



# MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smíðjustíg 6a • 845 Flúðum  
Sími 496 1866 • [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

Sparidagar á Hótel Örku verða 6.- 11. febrúar 2011 fyrir eldri borgara á suðurlandi, Reykjavík og Mosfellsbæ. Verð á mann í tveggja mannaherbergi kr. 39.500 Morgunverður af hlaðborði og þriggja rétta kvöldverður. Fjölbreytt dagskrá í umsjá Gunnars Þorlákssonar. Pantanir berist fyrir 23. janúar til Eiríks í Túnsbergi s:486-6545 eða 861-0272

### Uppsveitadeild æskunnar í hestaþróttum

Sameiginlegur kynningarfundur Loga, Trausta og Smára um Uppsveitadeild æskunnar í hestaþróttum verður haldinn á Kaffi Klett Reykholti miðvikudagskvöldið 19 jan kl 20. Hvetjum alla sem áhuga hafa á keppninni til að mæta. Keppt verður í barna og unglingaflokkum (árgangar 1998-2001 og 1994 –1997).

Æskulýðsnefndirnar

Norskt par (með hund) óskar eftir að taka á leigu húsnæði á góðu verði á Flúðum eða nágrenni frá mars til nóvember 2011 Ingrid og Cato Bergnord sími +47 99223779 [contact@icelandriverjet.is](mailto:contact@icelandriverjet.is) (Eru með siglingar á Hvítá [www.icelandriverjet.is](http://www.icelandriverjet.is) )



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

### Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

## SS Fréttir

Föstudaginn 17. des sl. sat ég árlegan deildarstjórafund Sláturfélags Suðurlands, sem haldinn var á Hvolsvelli. Að venju gerði Steinþór forstjóri grein fyrir starfsemi félagsins. Þó samdráttur hafi orðið á markaði, varð 5% veltuaukning, reksturinn hagkvæmur og afkoman viðundandi. Fóðursalan gengur vel og fer vaxandi. Óvissa er um væntanlegt áburðarverð, en vonast er til að það skýrist nú í janúar. Sauðfjárslátrun gekk mjög vel sl. haust og hagræðing varð með styttri sláturtíma. Gærur seldust jafnóðum og skiluðu góðu verði. Útflutningur á íslensku lambakjöti var mikill á liðnu ári og EB kvótinn fylltist í fyrsta skipti. Félagið nær orðið herra verði fyrir kjötið í útflutningi en innanlands. Þá hefur SS haldið hlutdeild sinni í nautgripaslátrun. Verið er að hagræða í þeirri deild með það í huga að lækka sláturkostnað en auka jafnframt þjónustu við bændur. Viðhorfskönnun sem fór fram á netinu í haust þótti hafa tekist vel og verður framsetning hennar endurbætt og einfölduð fyrir næstu keyrslu. Á heimasíðunni ss.is eru birtar fréttir sem vert er að gefa gaum. Að endingu vil ég svo sérstaklega minna á árlegan deildarfund SS í Hrunamanna, Skeiða og Gnúpverjudeildum sem haldinn verður miðvikudaginn 23. febr. nk. í Félagsheimilinu á Flúðum kl. 21. Þetta er sá vettvangur þar sem allir geta tjáð sig og fengið svör við spurningum sem tengjast rekstri félagsins. Auk forstjóra mun stjórnarformaðurinn Hallfreður Vilhjálmsson Kambshóli, mæta á fundinn. Þetta verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Með nýjárskveðju og þakklæti fyrir samstarfið á liðnu ári.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

---

Aðalfundur Hestamannfélagsins Smára verður haldinn á Hestakránni að Hústóftum fimmtudaginn 3 feb kl:20:30

Dagsskrá

Venjuleg aðalfundarstörf

Kynntar og lagðar fram starfslýsingar fyrir nefndir félagsins

Önnur mál

Stjórnin





# Tónlistarnámskeið fyrir börn og unglinga

Felur í sér að:

Þjálfna nemendur í að búa til sína tónlist

Læra að skapa eitthvað frá grunni

Efla sjálfstraust

Þróa skapandi hugsun hjá hverjum nemanda fyrir sig

Þjálfna hug og hönd

Í leiðinni að efla færni til almenns náms og þá aðallega lestrarnáms.

Námskeiðin fara fram í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Zero og byrja mánudaginn 7. febrúar.

**Fyrir 6 og 7 ára börn frá kl.14:40 til 15:40.**

**Fyrir 4 og 5 ára börn frá kl.15:40 til 16:40.**

Námskeiðin verða á mánudögum út janúar eða í fjögur skipti, ný námskeið hefjast strax að því loknu. Kostar hvort námskeið 4000 kr. á barn.

Námskeiðið hentar ólíkum nemanda hópum og er það aðlagð að getu hvers nemanda fyrir sig. Megin stefna námskeiðanna er að nemendur skemmti sér og læri í leiðinni.

## Tónlistarsmiðja fyrir 7-10 bekkinga.

Tónlistarsmiðja fyrir 7-10 bekkinga byrjar einnig 7. febrúar kl. 19:30. Unnið verður út frá spurningunni, Hvað er tónlist? Þeir sem eiga hljóðfæri mega koma með þau. Verður einnig unnið með smiðjuna í lotum og er hver lota fjögur skipti og kostar 4000 kr. á nemanda. Nýtt verður hljómsveitaraðstaða félagsmiðstöðvarinnar.

Upplýsingar um námskeiðin og smiðju fást hjá Kristínu Magdalenu

Ágústsdóttur í síma 6904541 eða [krima@mi.is](mailto:krima@mi.is)

---

## Aðalfundarboð GF

Aðalfundur GF (Golfklúbburinn Flúðir) verður haldinn **laugardaginn 29. janúar** n.k. í golfskálanum að Efra-Seli. **Fundurinn hefst kl. 14.00** og á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Þess má geta að Karl Gunnlaugsson sem verið hefur formaður GF frá stofnun klúbbsins árið 1985, hyggst ekki gefa kost á sér.

Það er ljóst að ný brú yfir Hvítá kemur til með að breyta miklu fyrir golfklúbbinn. Af því tilefni eru nýir félagar vestan Hvítár, sem og aðrir væntanlegir félagar velkomnir á fundinn. Eyðublöð vegna inngöngu í klúbbinn verða á staðnum. Einnig er hægt að senda beiðni um inngöngu á netfangið [gf@kaffisel.is](mailto:gf@kaffisel.is)

Kaffiveitingar í boði Kaffi-Sels.

Verið velkomin.

Stjórn GF





# FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



**Sími 893 1462**

8 farpega bíll



**Fjallaraf**

sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Rafræðingur Lögltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði  
(næst 8.febr. 2011)

Rauð hryssa tapaðist úr girðingu í Hvítárdal í desember sl.  
Upplýsingar í síma: 867 6752

## Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps – kveðja í upphafi árs til allra í samfélaginu!

### Frá fjáröflunarnefnd vegna þorrablóts 2011.

Mínum á þorrablótíð sem haldið verður laugardaginn 29. janúar nk. Allur ágóði þorrablótsins 2011 mun renna til Péturs Kristjáns, sonar Ulrike og Guðmundar Geirs frá Hvítárholti en eins og flestum mun kunnugt lenti Pétur í hörmulegu slysi í Austurríki nú um áramótin. Við hvetjum alla til að koma á þorrablótíð og um leið styðja okkur í þessari fjáröflun. Þorrablótíð verður nánar auglýst með dreifibréfi á næstu dögum.

### Frá Freyjusjóði – styrktarsjóði Kvenfélags Hrunamannahrepps

Kvenfélagi Hrunamannahrepps er það mikið ánægjuefni að geta stutt við bakið á ungum konum sem á einhvern hátt sýna framfarir, hjálpsemi, fórnfýsi, uppbyggjandi starf fyrir samfélagið og/eða ágætan árangur á einhverju sviði. Með stofnun **Freyjusjóðs** er okkur kleift að styðja ungar konur úr samfélaginu og þannig hvetja þær áfram til dáða og góðra verka.

Alls bárust okkur 5 umsóknir fyrir árið 2010 og því nokkuð ljóst að ekki væri hægt að verða við öllum umsóknum. Tvær umsóknanna voru valdar úr og hljóta þær Auður Grétarsdóttir og Maja Roldsgaard styrkinn að þessu sinni m.a. fyrir óeigingjörn og afkastamikil félagsstörf sín í þágu Björgunarfélagsins Eyvindar og Hestamannafélagsins Smára.

Það er okkur mikill heiður og ánægja að geta styrkt þessar duglegu og afar félagslegu virku stúlkur og óskum við þeim og fjölskyldum þeirra alls hins besta. Hvetjum sem fyrr ungar konur til að sækja um í sjóðnum en úthlutun fer fram í lok hvers árs. Umsóknarfrestur er til 15. desember 2011. Allar nánari upplýsingar má finna á vef sveitarfélagsins, [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

### Konukvöld sem aldrei fyrr!

Þann 12. febrúar næstkomandi, blása þrjú kvenfélög til mikillar kvennahátíðar á Flúðum. Kvenfélag Hrunamannahrepps, Kvenfélag Gnúpverja og Kvenfélag Skeiðahrepps hafa tekið höndum saman og undirbúa nú konukvöld af fullum krafti. Þjóða á konum í þessum sveitum til fagnaðar, ásamt konum úr nágrannasveitunum „vestan Hvítár“. Segja má að brúin nýja og góða yfir Hvítá hafi gefið okkur hugmyndina að þessari samkomu. Samkoman verður nánar auglýst með dreifibréfi. Takið daginn frá!!!!

### Þakklæti

Okkur langar að þakka öllum sem með einum eða öðrum hætti hafa stutt við starf okkar síðastliðið ár. Gott starf kvenfélags byggir á ómetanlegu framlagi hverrar félagskonu og síðan stuðningi fólks í samfélaginu við allt okkar starf. Það er ómetanlegt að finna að málaleitan okkar er yfirleitt alltaf vel tekið og þeir sem kallaðir eru til starfa eða beðnir um að leggja hönd á plóg, gera það af óeigingirni og lítilætti.

Með þessum fátæklegu orðum vonumst við til þess að koma á framfæri þakklæti okkar og sýna þannig að við kunnum afar vel að meta stuðninginn sem okkur er sýndur í hvívetna.

Hlökkum til að sjá ykkur á þorrablótinu en þannig munum við saman styðja Pétur og fjölskyldu, um leið og við skemmtum okkur konunglega.

### Kvenfélag Hrunamannahrepps

## Er bíllinn skítugur??

### Langar þig að verja bíllinn fyrir salti og tjöru?

Þá er ég með lausnina, tek að mér að þrifa og bóna bíla nota aðeins hágæða bónvörur frá concept sem er einn fremsti aðili í bónvörum í heiminum. Bónið sem ég nota heitir infinity það fer ofan í sprungur og veitir hágæða endingu og glans!

Get sótt bíla ef um það er beðið.

<u>Verðskrá</u>	<u>fólksbíll</u>	<u>Jeppi</u>	<u>Stórir bílar</u>
Tjörubvottur og Þrif að innan	5000 kr	6000 kr	7000 kr
Tjörubvottu Og infinity bón	5500 kr	6500 kr	7500 kr
Alþrif Infinity bón	7000 kr	8000 kr	9000 kr



Pantanir i síma :6977021

Björgvin

Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla



Vörumóttaka Héðingsgata  
1-3

**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGADJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**



Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533

2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-

fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrir-  
tækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar  
856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði  
*Andlitsbað Húðhreinsun*  
*Litun og pökkun Handsnyrting*  
*Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir*  
*Tímamantanir í síma 566-8342*  
*og 856-1599(Hlíf)*

Alhliða múrverk af öllum stærðum og gerðum  
flísalagnir, plötusteypanir, viðgerðarvinna og margt fleira  
Með fjölbreytta og mikla reynslu

Jón Gunnar  
lærður múrari  
Sími: 867-6698

*Skrifstofa Hrunamannahrepps*  
*Opnunartími hreppsskrifstofu*  
*Mánudaga til föstudaga:*  
*09:00-12:00 og 13:00-16:00*

## Frá Bókasafni Hrunamanna

Nú eru margar nýjar, skemmtilegar og fróðlegar bækur komnar á bókasafnið. Því er um að gera að koma við og athuga hvað bíður spennandi í hillunum.

Bókasafnið er opið:

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

**Fimmtudaga Kl. 16-18**

Á [gegnir.is](http://gegnir.is) (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

**Verið hjartanlega velkomin.**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



---

## Myndlistarskóli Uppsveita

Myndlistaskóli Uppsveita byrjar aftur 19. janúar og verður á miðvikudögum frá 16:30 – 18:00 . Á námskeiðinu verður kennd teikning, málun og mótun og leitast er við að hafa verkefnin fjölbreytt með það að leiðarljósi að örva skapandi hugsun og persónulega tjáningu hvers og eins. Áhersla á góðan starfsanda þar sem hver og einn vinnur út frá eigin forsendum. Námskeiðið er fyrir börn 6 – 16 ára, hópskipting tekur mið af skráningu.

**Skráning hjá Eygló Jósephsdóttur í síma 894 0331 eða [eyglo.joseph@gmail.com](mailto:eyglo.joseph@gmail.com)**



# STINNUR RASS OG SLÉTTUR MAGI !

ÁRIÐ 2011!

TÍMUM FJÖLGÆÐ SKRÁÐU ÞIG STRAX!

BOLTALEIKFIMI OG YOGA TEYGGJUR

Byrjum aftur á nýju ári

í sal Bergholts við Kistuholt, Reykholti.



Mánud og miðvikud

Aðeins 10 konur í hverjum tíma

Kl.16:15 2 laus pláss byrjar 10. jan.

kl.17:30 full bókað byrjar 10.jan.

kl.18:45 1 laust pláss byrjar 10.jan.

kl.20:00 enn laus pláss byrjar 17. jan.

Skráðu þig á [lully@simnet.is](mailto:lully@simnet.is)

eða í síma 861-7888

JÚLÍANA MAGNÚSDÓTTIR

NUDDARI, YOGAKENNARI

OG KOLBRÚN F ARNARDÓTTIR

ÍÞRÓTTAFRÆÐINEMI

ERU LEIÐBEINENDUR Í

JAFNVÆGISBOLTA - LEIKFIMI



# HEILSUM ÞORRA Á KAFFI GRUND FLÚÐUM



**ÞORRAHLAÐBORD MED ÖLLU TILHEYRANDI VERÐUR HALDIÐ**

**LAUGARDAGINN 22. JANÚAR .2011**

**FRÁ KL 19.00**

**VERÐ KR. 4.400 PER MANN**

**VINSAMLEGA PANTIÐ TÍMANLEGA Í SÍMA :**

**552-6962 EÐA 6637771**



Reiðhöllin á Flúðum auglýsir úrtöku fyrir  
Uppsveitadeildina.

Þátttakendur skulu vera félagar í hestamannafélögum  
Loga ,Trausta og Smára.

Úrtakan verður haldin í Reiðhöllinni þann 29 janúar kl 14, keppt verður í fjórgangi og fimmgangi (keppt í báðum greinum) eftir FIPO reglum. Keppt verður um 14 laus sæti í deildinni þ.e 6 sæti Smárafélaga, 5 sæti Logafélaga og 3 sæti Traustafélaga.

Skráningu þarf að fylgja kennitala knapa og IS númer hests.

Tekið verður við skráningum á [ksb@internet.is](mailto:ksb@internet.is).

Síðasti skráningardagur er 23. janúar.

Skráningargjald er 3000 kr og greiðist á staðnum. (ekki kort)

Hægt verður að nálgast reglurnar á heimasíðum hestamannafélagana.

[www.smari.is](http://www.smari.is) <http://hestamannafelagidlogi.bloggar.is> <http://trausti.123.is>





# Josera.

I kjölfar samninga okkar við einn stærsta vítamin og steinefnaframleiðanda Þýskalands **Josera** langar okkur að kynna fyrir þér þá vörulínu sem við höfum uppá að bjóða frá þeim.

**Vönduð vara á mjög samkeppnishæfu verði**

## Saltsteinar

## Josera.

## Steinefnafötur



**Saltsteinn Natur**  
Saltsteinn

10 kg.

Verð m/vsk.  
kr. 889,-



**Saltsteinn Plus**

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, seleni og jödi

10 kg.

Verð m/vsk.  
kr. 1.122,-



**Steinefnablokk Uniblock**

Steikiblokk með kalsíum, magnesíum, jödi, seleni og vítamínunum

10 kg.

Verð m/vsk.  
kr. 1.993,-

## Steinefnafata Mineraleimer



Ahlíða steinefnafata fyrir kýr og hross  
**Ekki fyrir sauðfé**

Verð m/vsk.  
kr. 4.838,-

## Steinefnafata Phosphoreimer



Steinefnafata með háu fosfór og seleninnihaldi  
Fyrir nautgripi, sérstaklega fyrir geldkúr.  
**Ekki fyrir sauðfé**

Verð m/vsk.  
kr. 5.643,-

## Steinefnafata Universal-schale



Ahlíða steinefnafata fyrir sauðfé.

15 kg.

Verð m/vsk.  
kr. 3.164,-

## Bætiefni fyrir kýr

## Josera.



### Complett - Keragen

Complett - Keragen er viðbótar steinefna- og vítamínfóður sem inniheldur meira en kjarnfóður af A og D3 vítamínunum ásamt ýmsum snefilefnum.

Complett - Keragen hefur góð áhrif á jügrheilbrigði og klaufir. Ráðlagður dagskammtur 80-100 gr. á dag. Hentar vel í heilfóður sem og fyrir einstaklingsfóðrun.

Verð m/vsk.  
kr. 6.000,-



### Prophos - Keragen

Prophos - Keragen er fóður sem er æskilegt að gefa kúm tveimur til þremur vikum fyrir burð. Prophos - Keragen dregur úr hættu á kalkskorti og hátt innihald af magnesíum Mg. og D3 vítamíni kemur í veg fyrir kalsíum skort í upphafi mjaltaskeiðs.

Ráðlagður dagskammtur 80 - 100 gr. á dag.

Verð m/vsk.  
kr. 6.800,-

## Undirburður

## Josera.

## Kálfaduft - skitumeðal



### Desan - undirburður

Desan er náttúrulegur undirburður.

- Vinnur gegn óæskilegum bakteríum, sveppum og gerlamyndun.
- Til notkunar í bása, hálmbeð og steinbita.
- Þurrkar meðhöndluð svæði.
- Hefur góð náttúruleg áhrif vegna innhalds á náttúrulegum syrum og ollum.
- Minnkar gasmyndun og dregur úr ammoníak lykt.
- Gefur góða lykt í gripahúsið.
- Æskileg notkun 50 - 100 gr. á m<sup>2</sup>
- Tilvalið til notkunar með sagi.

Verð m/vsk.  
kr. 6.160,-



### Supramil T - kálfaduft

Supramil T kálfaduft hefur góðan meltanleika og inniheldur syður sem vernda gegn skitu og mettingartruflunum

### Vítakur - skituduft fyrir kálfa

Vítakur er náttúrulegt skituduft fyrir kálfa. Hentar bæði sem fyrirbyggjandi sem og fyrir kálfa sem fengið hafa skitu. Til blöndunar bæði í mjólk og eða vatn allt eftir ástandi kálfsins.



Verð m/vsk.  
kr. 8.638,-

**Hikið ekki við að hafa samband við sölumann með frekari upplýsingar**

480 5600  
landstolpi.is



Gunnbjarnarholi  
801 Selfoss

Þann 2. janúar sl. fór fram árleg firmakeppni körfuknattleiksdeildar UMFH. Þátttaka var mjög góð og hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Það voru í kringum 40 fyrirtæki eða einstaklingar sem styrktu keppnina að þessu sinni. Keppendur voru á bilinu 60-70 og var gleðin í fyrirrúmi þó svo að keppnisandinn hafi einnig verið mikill.

Keppni hófst um morguninn í minniboltanum. Þar voru mætt 4 strákalið og 2 stúlknalið. Eftir skemmtilega keppni var það lið sem keppti fyrir hönd Ragnars Magnússonar í Birtingaholti sem hafði sigur. Í liði Ragnars voru þeir Anton og Hannibal Óskarssynir, Filip Jozefik og Orri Ellertsson. Í stúlknaflöknum var það lið sem keppti fyrir hönd Leikskólans Undralands á Flúðum sem stóð uppi sem sigurvegari. Í því liði voru þær Þórdís Jóna Kristjánsdóttir, Ragnheiður Björk Einarsdóttir, Hrafnís Katla Elíasdóttir, Anita Víðisdóttir og Birgit Óska Snorradóttir.

Eftir hádegi fór fram keppni í fullorðinsflokki. 8 karlalið voru mætt til leiks og 3 kvennalið. Eftir mjög fjöruga keppni stóð Berghylsbúið uppi sem sigurvegari í karlaflokki en fyrir það lið kepptu systkinin í Þrándarholti, Arnór, Ingvar og Dóra Björk Þrándarbörn, ásamt þeim Atla Erni Gunnarssyni frá Túnsbergi og Jóni Einari Valdimarssyni frá Stóra-Núpi. Í kvennaflokki var það lið Grafarhesta sem sigraði. Fyrir Grafarhesta kepptu þær systur Rakel og Andrea Úlfhéðinsdætur frá Haga, Margrét Arnarsdóttir frá Gunnbjarnarholti, Hildur Birna Vignisdóttir frá Brautarholti, Sólveig Arna Einarsdóttir frá Miðfelli og Karen Munda Jónsdóttir frá Flúðum.

Meistarar í firmakeppninni:

Strákar 11 ára og yngri: Ragnar Magnússon, Birtingarholti

Stelpur 11 ára og yngri: Leikskólinn Undraland, Flúðum






Strákar 12 ára og eldri: Berghylsbúið

Stelpur 12 ára og eldri: Grafarhestar

Við þökkum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu keppnina í ár kærlega fyrir stuðninginn. Þeir sem styrktu keppnina voru:

Agnar Ísabakka, Auðsholtsbúið, Berghylsbúið, Bryðjuholtsbullurnar  
Eiríkur Þorgeirsson, Ferðapjónustan Syðra-Langholti, Félagsheimili Hrunamanna  
Fjósíbúið Túnsbergi, Flúðafiskur, Flúðaleið, Flúðaskóli, Fögrusteinar  
Garðyrkjustöðin Melar, Garðyrkjustöðin Reykjafliot, Grafarhestar, Gröfutækni  
Heimir Málari, Hestaleigan Syðra-Langholti, Hitaveita Flúða, Hjálmur Pétursson  
Hótel Flúðir, Hrossaræktarbúið Blesastöðum, Hrunamannahreppur  
Íþróttahúsið Flúðum, Jóhannes Sigmundsson, Landstólpi, Leikskólinn Undraland  
Nesey, Pizza Islandia, Ragnar Magnússon Birtingarholti, Reykás, S.R. grænmeti  
Sauðfjárníbúið Syðra-Langholti, Skipholtsbúið, Sundlaugin Flúðum, Útlaginn  
Varmalækur, Vatnsveita Flúða, Þrándarholtsbræður



Mánudagur	Þriðjudagur	Miðviku dagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Leigudagur	Sunnudagur
13:00 1. og 2. bekkur Körfubolti Mikrobolti	15:10 Körfubolti mennið strálar 3.-4. b.	15:10 Fótbolti 3. og 2. bekkur	15:10 Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna	12:30 Körfubolti Mikrobolti		
13:40 3. og 4. bekkur Fótbolti 1. og 2. bekkur	16:20 Fimleikar 4 og 5 ára	16:20 Fótbolti 3. og 4. bekkur	16:20 Íþróttaskóli 4 og 5 ára	13:20 Körfubolti mennið strálar 3.-4. b.		Knattspýrma - Æfingar á sparvelli 5.-6. bekkur strálar Mánudaga 15.20-16.10 Miðvikudaga 17.00-17.50
14:20 Fótbolti 3. og 4. bekkur	17:10 Fimleikar 4.-8. bekkur	16:20 Körfubolti 7. flokkur kvenna	17:10 Körfubolti 7.-10. flokkur karla	14:30 Körfubolti mennið stópur 3.-4. b.		7.-8. bekkur strálar Mánudaga 17.10-18.10 Miðvikudaga 17.50-18.40
15:10 Körfubolti mennið stópur 3.-4. b.	18:20 Fimleikar 7.-10. bekkur	16:40 Badminton 3.-10. bekkur	Körfubolti mennið stópur 3.-4. b.	15:45 Fimleikar 1.-3. bekkur		9.-10. bekkur strálar Fimmtudaga 15.40-16.40
15:20 Körfubolti mennið strálar 3.-4. b.	19:30 Körfubolti 3.- 10. flokkur kvenna	19:30 Körfubolti 7.-10. flokkur karla	16:45 Íllik-mí-ketta	16:45 Fimleikar 4.-8. bekkur		Stóljar 7.-10. bekkur Mánudaga 16.10-17.10 Fimmtudaga 16.40-17.40
17:30 Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna	21:00 Bændi lutabútur	20:15 Körfubolti mí.ka.		18:00 Fimleikar 7.-10. bekkur		Íölkundur þurfa að muna að koma klæddir eftir veðri. Mikilvægt að eiga góða skó, hvort sem er takkastó eða gervigrassið.
18:45 Körfubolti 7.-10. flokkur karla				19:30 Bændi lutabútur		
20:00 Körfubolti mí.ka.						
21:15 Badminton Fallbútur						





Nokkrar myndir frá brennu og flugeldasýningu þann 8. janúar sl.

Ljós:SigSigm